

Hjáleið um Borgarnes

Vænn Kostur?

UMSK VI - Mannvirki í íslensku landslagi
Verkefni 2 8. mars 2016
Kennari: Ragnar Frank Kristjánsson
Nemendur:
Ruth Guðmundsdóttir
Katharina Metlicka

Inngangur / vantamál

Verkefnið fjallar um flutning Þjóðvegar 1 útfyrir þéttbýlið í Borgarnesi eins og lengi hefur verið áætlun um. Farið var í rýnivinnu til að athuga hver hugsanleg áhrif framkvæmdar gætu verið á samfélagið, umhverfið og efnahaginn og ýmsa þætti þar undir. Farið var í talsverða rannsóknarvinnu þar sem gögnum var safnað og þau rýnd til að geta sett niður ályktanir fyrir áframhaldandi skipulagsvinnu.

Það er því mikilvægt að skoða málið frá öllum mögulegum hliðum svo hægt sé að taka heilsteypta og upplýsta ákvörðun í samgönguáætlunum.

Verkefni þetta er nokkurs konar fyrstu drög að slíkri rannsóknarvinnu sem nauðsynleg er til að hægt sé að taka ákvarðanir á skipulagsstigi varðandi færslu vegarins.

Í Borgarnesi liggur þjóðvegur 1 um þéttbýliskjarnann og myndar streitu í samfélaginu. Talað er um að umferðin kljúfi byggðina, íbúar upplifa óöryggi og að börn þeirra séu í hættu á leiðinni t.d. í skóla eða til annarrar afþreyingar. Þá kvarta íbúar einnig undan hávaða frá umferðinni, og þá sérstaklega vegna umferðar þungra ökutækja og hraðaksturs. Á móti bætist síðan sjónarmið vöruflutningabílstóra sem kvarta yfir óþarfa töfum, t.d. við gatnamót.



Þrátt fyrir að búa til hjáleið þarf samt að bæta við núverandi þjóðvegin til að tryggja öryggi íbúa.

Þrátt fyrir að farið sé í gerð hjáleiðar þarf alltaf að framkvæma hraðalækkandi aðgerðir á eldri þjóðvegi því það er talsvert stórt hlutfall umferðar sem kýs að fara í gegnum þéttbýlið eins og eldri kannanir hafa sýnt og mikilvægt er að aðgengi þeirra að þjónustu sé gott og í sátt við náttúru og samfélag.

Grunnkort Mkv. 1:10.000

Hjáleiðin

Hlutverk hins nýja vegar er fyrst og fremst til að að létta umferð af þéttbýlinu, auka öryggi og flutningsgetu. Ákvörðun um færslu þjóðvegar byggist yfirleitt á væntingum um margskonar ávinning af framkvæmdinni:

- Auka umferðaröryggi.
- Auka greiðfærni (umferðarrýmd).
- Laga veg að nýjum hönnunarreglum.
- Bæta aðstæður fyrir óvarða vegfarendur í þéttbýlinu.
- Bæta aðgengi að iðnaðarsvæðum.
- Bæta aðgengi íbúa að þjóðveginum.
- Stytta ferðatíma.
- Létta umferð af þéttbýlinu.
- Færa þungaflutninga út fyrir þéttbýlið og byggja upp vegnet fyrir flutninga.
- Draga úr loft- og hljóðmengun í þéttbýlinu.

Það er spurning um hvort sú þjónusta sem nú er við Brúartorg haldist þar ef þjóðvegurinn færist eða hvort hún eltir þjóðveginn og færist að vegamótunum þar sem leiðir á Snæfellsnes og norður í land mætast. Eins er spurning hvort þrýst verði á að miðsvæðið nái að hjáleiðinni til að hægt sé að byggja upp þar en í tillögunni er sýnd ný landfylling milli hjáleiðarinnar og gömlu leiðarinnar. Fyrstu merki þess að landnýting elti nýju hjáleiðina er því sjáanleg.

Aðgengi íbúanna að þjónustunni minnkar, bæði vegna fjarlægðar og einnig vegna þess að þjónustan færist út á jaðarinn. Uppbyggingin miðar að því að viðskiptavinir komi á bíl og andlit þjónustunnar snýr að bílastæðum. Þróunin ýtir undir bílháð samfélag.

(Alta ehf, með breytingum höfunda)

(Alta ehf, með breytingum höfunda)

Landnotkun í dag eftir aðalskipulagi



Líkleg breyting á landnotkun



Sýnisskot



Mikilvægar vindáttir



Samkvæmt veðurstöð á Hvanneyri.

Hljóðvist



Hraði og umferðarþungi hafa ráðandi áhrif á hávaða frá umferð.

Ef hönnunarforsendur vegar er miðað við 90 km/klst. við að lækka hraðann niður í 70 km/klst. þá lækkar hávaði um 3 dB.

Áhrif yfirborðsefna geta ýmist haft áhrif til hækkunar eða lækkunar hávaða.





Flæði



Gangbrautir og bil á milli þeirra



Umferðakönnun



Tímasparnaður



Lokaorð

Niðurstöður verkefnisins eru ekki lokaniðurstöður þar sem þær benda einungis á hversu nauðsynlegt er að fara í frekari rannsóknarvinnu og gangaöflun áður en ákvörðun verður tekin um framkvæmd vegarins.

Það er hægt að segja að með gerð hjáleiðarinnar fylgja kostir og gallar. Til að hægt sé að meta þá sem best vantar enn frekari rannsóknir um áhrif hjáleiðarinnar á hina ýmsu þætti eins og

- Hljóðvist,
- loftmengun af völdum NO_x,
- Lífríki fjarðarins og árósanna á fleiri sviðum.

Í stuttum orðum má segja að það sem skiptir mestu máli er að velja valkost sem best er fyrir velliðan fólksins og komandi kynslóðir.